



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2020
R20020240

Borgarráð

Erindisbréf viðburðarstjórnar Ráðhúss Reykjavíkur

Hjálagt erindisbréf Viðburðarstjórnar Ráðhúss Reykjavíkur, dags. 19. febrúar 2020, er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Erindisbréf Viðburðarstjórnar Ráðhúss Reykjavíkur, dags. 19. febrúar 2020

ERINDISBRÉF

Viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður:

Borgarritari.

Hlutverk viðburðastjórnar:

Ráðhús Reykjavíkur er mikilvæg miðstöð stjórnsýslu, þjónustu, menningar og lista. Í Ráðhúsinu eru alla jafna fjölmargir viðburðir í hverjum mánuði auk þess sem húsið hýsir miðlæga stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, menningar- og ferðamálasvið sem og mannauðs- og starfuhverfissvið. Viðburðastjórn Ráðhúss er ætlað að samræma ákvarðanatöku og stefnumörkun er snýr að Ráðhúsinu og tryggja upplýsingaflæði á milli þeirra aðila sem að starfsemi hússins koma.

Helstu verkefni:

- Afgreiðir beiðnir um afnot af Tjarnarsalnum og öðrum húsakosti Ráðhúss í samræmi við reglur þar að lútandi.
- Afgreiðir beiðnir um leigu á rýmum í Ráðhúsi vegna hjónavígslna.
- Afgreiðir beiðnir um þátttöku Reykjavíkurborgar í viðburðum og uppákomum í Tjarnarsal og öðrum húsakosti Ráðhúss.
- Afgreiðir ýmis erindi er varða húsakost Ráðhússins, t.a.m. vegna flöggunar, lýsingar og merkinga.
- Veitir umsögn um afgreiðslur á beiðnum um umfangsmiklar móttökur borgarstjóra eftir atvikum.
- Veitir umsögn um aðkomu borgarinnar að viðburðum/uppákomum eftir atvikum
- Ber ábyrgð á að reglum um Tjarnarsal sé framfylgt og leggur til endurskoðun á þeim eftir þörfum.

Viðburðastjórn skipa:

Dagný Ingadóttir, fulltrúi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður).

Anna Karen Kristinsdóttir, móttökufulltrúi Reykjavíkurborgar.

Sólveig Ólafsdóttir, fulltrúi upplýsingadeildar.

Björg Jónsdóttir, fulltrúi menningar- og ferðamálasviðs.

Ari Þorsteinsson, umsjónarmaður húsvörslu í Ráðhúsi.

Til ráðgjafar og samstarfs:


Halldór Nikulás Lárusson, þjónustu- og nýsköpunarsvið.

Starfsmaður hópsins:

Sigurlaug Sigurðardóttir, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Starfstímabil: Viðburðastjórn starfi til ársloka 2021 og verður þá endurskipuð.

Reykjavík, 19. febrúar 2020



Stefán Eiríksson